| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennari** :<br>Viðtalstími: | Halldóra Björg Sævarsdóttir<br>þriðjudaga 10:50-11:20 | Sk.stöfun:<br>Netfang: | HBS<br>dorabjorg@vma.is |


## Áfangalýsing:

Í áfanganum verður farið yfir grunnatriði prjóns og hekls. Fjallað verður um helstu vefjarefnin sem notuð eru við framleiðslu á garni, áhöld sem notuð eru til prjóns og hekls auk kennslu í lestri uppskrifta á íslensku og ensku. Auk þessa verður farið yfir hvernig gengið er frá prjónuðum og hekluðum stykkjum og þau fullkláruð.

## Markmiðið er að nemandi:

- þekki þau áhöld sem notuð eru við prjón og hekl
- þekki a.m.k. tvær aðferðir við uppfit
- þekki hinar ýmsu aðferðir sem notaðar eru við prjón og hekl og

geti nýtt sér þær í sjálfstæðri vinnu

- geti lesið og farið eftir prjóna- og hekluppskriftum, bæði á íslensku og ensku
- kynnist mismunandi vefjarefnum sem notuð eru við prjón og hekl
- geti fellt af, lykkjað og saumað saman stykki

## Námsgögn:

Ljósritað hefti (verður afhent í fyrstu kennslustund), uppskriftablöð og ítarefni frá kennara. Ef nemendur eiga prjóna, heklunálar ofl. áhöld sem geta nýst þeim í áfanganum eru þeir hvattir til að koma með þau í tímana. Garn í prufur fá nemendur á staðnum en ef nemendur vilja vinna sjálftæð verkefni verða þeir sjálfir að útvega garnið í þau.

## Áætlun um yfirferð og verkefni:

Nemendur vinna tækniprufur með aðferðum hefðbundins prjóns og hekls. Nemendur skulu einnig gera sokka- og vettlingaprufur. Auk þessa eru nemendur hvattir til að vinna sjálfstætt verkefni (gildir 15% af einkunn) til að auka færni sína. Nemendur geta valið þessi verkefni í samráði við kennara og fengið leiðsögn og aðstoð við vinnu þeirra í tímum.

## Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus og þess vegna er mikilvægt að nemendur sæki kennslustundir samviskusamlega. Nemendur skulu safna öllum prufum auk ljósrita, minnispunkta og sjálfstæðra tilrauna í eina möppu/kassa og skila, vel frá gengnu, í lok annarinnar.

| Lota // vikur | Verkefni | skiladagar |
|---|---|---|
| Lota 1 //<br>Vikur 2-6 | Prjónaprufur 1-5 unnar<br>Heklprufur 1-5 unnar | **Skilið prufunum í tímanum föstudaginn 6.febrúar** |
| Lota 2 //<br>Vikur 7 - 10 | Sokkapar prjónað<br>Frjálst verkefni ákveðið og nemendur byrja að vinna að því. | **Skilið sokkaparinu í tímanum föstudaginn 27.febrúar** |
| Lota 3 //<br>Vikur 11-13 | 3 frjálsar, 1 ensk og frágangsprufur unnar í prjóni og hekli<br>(4 prjónaprufur, 4 heklprufur + prjónuð frágangsprufa + hekluð frágangsprufa). | **Skilið prufum í tímanum Föstudaginn 20.mars** |
| Lota 4 //<br>Vikur 14 - 16 | Vettlingapar prjónað. | **Skilið vettlingaparinu í tímanum föstudaginn 17.apríl** |
| Vikur 17-18 | Frjálst verkefni fullklárað.<br>Frágangur í möppu | **Skilið öllum verkefnum annarinnar miðvikudag 29.apríl** |

*Athugið:* Í áfanganum er farið fram á lágmarksskil, ætli nemendur að standast áfangann. Nemendur skulu skila að minnsta kosti 15 prufum, vettlingapari og sokk. Einnig er vakin athygli á milliskilum (sjá töflu hér að ofan).

### Vægi einstakra þátta er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| - 10 prjónaprufur og 10 heklprufur | 50% |
| - Sokka- og vettlingapar | 25% |
| - Sjálfstæð vinna (valfrjálst verkefni) | 15% |
| - Skilamappa | 5% |
| - Mæting og virkni í tímum | 5% |

**Með fyrirvara um breytingar.**

### Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Dagsetning:

____________________________ Undirritun kennara

____________________________ Undirritun brautarstj., fagstj eða kennslustjóra